

REGLUGERÐ UM NEFNDIR GLÍ

1. grein

- 1.1 Stjórn GLÍ skal innan mánaðar frá Glímupingi skipa formenn allra starfsnefnda og í samráði við þá fullskipa nefndirnar. Mótanefnd skal þó skipa árlega að lokinni Íslandsglímu.
- 1.2 Formanni hvernar nefndar skal senda bréflega yfirlit yfir starfssvið nefndarinnar sem gildir þá sem erindisbréf fyrir viðkomandi nefnd.
- 1.3 Ávallt skal sérstakur stjórnarmaður vera tengiliður hvernar nefndar.
- 1.4 Starfssvið nefnda eru eftirfarandi:

2. grein Fræðslunefnd-og útbreiðslunefnd

- 2.1 Nefndin skal sjá um almenna fræðslu, dómara, þjálfara, og leiðbeinenda.
- 2.2 Nefndin skal sjá um glímukynningu í grunnskólum og annarsstaðar og veita aðstoð félögum, deildum og öðrum sem vinna að útbreiðslu glímunnar.

3. grein Minjasafnsnefnd

- 3.1 Nefndin skal kappkosta að eignast fyrir hönd GLÍ gamlar og nýjar upptökur, kvikmyndir, bækur, blöð, myndir, heimildir og gripi sem tengjast glímu.
- 3.2 Allir slíkir gripir skulu skráðir og geymdir á sem bestan hátt í vörslum GLÍ.
- 3.3 Gripir sem tengjast glímu í annarra eigu skulu einnig skráðir eftir því sem kostur er.

4. grein Mótanefnd

- 4.1 Nefndin skal leggja stað- og tímasetningu móta GLÍ fyrir stjórn til samþykktar.
- 4.2 Hún skal sjá um framkvæmd umræddra móta í samráði við stjórn, þar með útvega húsnæði, innheimta mótagjöld og útvega verðlaun. Sjá til þess að reglugerðir móts og farandgripir séu til staðar á mótssstað og viðeigandi áletranir séu settar á þá.
- 4.3 Ráða starfsmenn móta og sjá til þess að framkvæmd þeirra fari fram með sem bestu móti og öll nauðsynleg aðstaða sé fyrir hendi.
- 4.4 Hún skal hafa milligöngu um beinar og óbeinar útsendingar sjónvarps frá glímumótum og sjá til þess að kynning og fréttir af þeim verði með sem bestu móti.
- 4.5 Nefndin skal í samráði við Glímudómarafélag Íslands gera tillögur til stjórnar GLÍ um skipan dómara og glímustjóra á umrædd mót.
- 4.6 Nefndin getur falið einstökum félögum og /eða héraðssamböndum framkvæmd móta.

5. grein Ritnefnd

- 5.1 Nefndin skal sjá um útgáfu á blaði GLÍ, sambandinu að kostnaðarlausu, en helst með hagnaði.
- 5.2 Kappkosta skal að vanda til útgáfu blaðsins og koma því út sem oftast.
- 5.3 Nefndin sér um að koma á framfæri alls kyns efni á heimasíðu GLÍ.

6. grein Laganefnd

- 6.1 Nefndin skal, jafnt að beiðni stjórnar GLÍ, sem eigin frumkvæði gera tillögur um nýjar reglugerðir sem nauðsynlegar þykja og einnig endurskoða gildandi lög og reglugerðir GLÍ.
- 6.2 Hún skal gefa umsögn um lagaleg atriði sé þess óskað af stjórn GLÍ.

7. grein Utanríkis- og landsliðsnefnd

- 7.1 Nefndin skal hafa yfirumsjón með erlendum samskiptum jafnt á stjórnunarsviði og á keppnisgrundvelli.
- 7.2 Hún skal leggja fram til stjórnar GLÍ val á mönnum til æfinga, sýninga og keppnisferða erlendis.

Samþykkt 3. október 1993. /Breytt 27. nóvember 1995/ 1.des 2010